



1519. stjórnarfundur

30.11.2011, kl. 12:00

Frímann Ari Ferdinandsson

- 1. Fundargerð 1518. fundar.**
Samþykkt.
- 2. Íþróttamaður Reykjavíkur.**
Lagður fram listi með tilnefningum frá félögum auk aðila sem taldir eru koma sterklega til greina. Afreksíþróttasvið mun koma með tillögu fyrir næsta fund. Athöfnin fer fram í Höfða þann 4. janúar n.k.
- 3. Afmæli ÍSÍ.**
Lögð fram tvö erindi frá ÍSÍ en í tilefni af 100 ára afmæli á næsta ári er óskað eftir upplýsingum um söfnun sögulegra muna og hugmynda að tengingum íþróttaviðburða í héraði við afmælið. Rætt um gjöf til ÍSÍ.
- 4. Sumaropnun í Skautahöllinni í Laugardal.**
Lagt fram minnisblað og tafla yfir kostnað við að halda úti svelli í Skautahöllinni yfir sumarmánuðina. Samþykkt að stefna að því að hafa opið næsta sumar ef hægt er að tryggja nægjanlegt fjármagn til að koma í veg fyrir aukið tap.
- 5. Rekstrarkostnaður íþróttafélaga.**
Lögð fram könnun sem unnin hefur verið af starfsmönnum. Í ljós kemur að hækkanir á orku og fasteignagjöldum eru verulegar á allra síðustu árum auk þess sem laun hafa hækkað nokkuð.
- 6. Ársskýrsla SKRR og erindi vegna rekstrarstyrks.**
Ársskýrsla SKRR lögð fram ásamt erindi ráðsins um rekstrarstyrk fyrir árið 2012. Erindinu vísað til fjármálasviðs.
- 7. Aðildarumsókn - Hönd Míðasar.**
Umsókninni vísað til ÍSÍ.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 13:00.

Frímann Ari Ferdinandsson
fundaritari